

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júlí 1987.

Nr. 225/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni

Ragnari Kjartanssyni

Páli Braga Kristjónssyni og

Helga Magnússyni

Kærumál. Vanhæfi ríkissaksóknara. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn kærði frávisunardómur var kveðinn upp 16. þ.m. Þá lýsti vararíkissaksóknari, Bragi Steinarsson, yfir því að hann, af hálfu ákærvaldsins, kærði dóminn til Hæstaréttar. Kæra þessi er heimil samkvæmt 3. tölulið 171. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi.

Í greinargerðum verjenda ákærðu er þess krafist að hinn kærði frávisunardómur verði staðfestur og varnaraðiljum dæmdur kærumálskostnaður.

Fallast ber á rök héraðsdómara fyrir því að rétt sé að vísa ákæru í máli þessu frá dómi. Samkvæmt því er niðurstaða hins kærða frávisunardóms staðfest.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan kærumálskostnað sakarinnar, þar með talda þóknun til skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, Jónasar Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns og Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 25.000,00 krónur til hvers þeirra.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Allur kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, Jónasar Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns og Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur til hvers þeirra.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 74/1974 skal ríkissaksóknari tilkynna það dómsmálaráðherra ef hann „er svo við mál eða aðila riðinn að hann mætti ekki gegna dómarastörfum í því“ og skipar ráðherra þá annan í hans stað. Mat á því hvort slíkrar ráðstöfunar sé þörf ber endanlega undir dómsmálaráðherra, enda er hvorki í nefndri 22. gr., 124. gr. sömu laga né annars staðar í lögum gert ráð fyrir því að máli verði vísað frá dómi sakir þess að handhafi ákæruvalds mætti eigi gegna dómarastörfum í því. Samkvæmt því ætti að vísa kröfu varnaraðila, þeirri sem um er dæmt í þessu máli, frá héraðsdómi.

Meiri hluti dómara hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 taka þátt í efnisúrlausn málsins.

Ríkissaksóknari er eigi í neinum tengslum við varnaraðila máls þessa er mundu gera hann vanhæfan sem dómara í máli á hendur þeim, né heldur hefur verið sýnt fram á vanhæfi hans af öðrum ástæðum. Tel ég því að fella eigi hinn kærða frávísunardóm úr gildi

og leggja fyrir sakadóm Reykjavíkur að taka málið til meðferðar að efni til.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júlí 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 16. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 410-413/1987: Ákærvaldið gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni og Helga Magnússyni, sem tekið var til dóms hinn 13. þ.m.

Með ákæru, dagsettri 9. apríl sl., höfðaði ríkissaksóknari mál hér fyrir dómnum gegn ákærðu fyrir að hafa í störfum sínum fyrir Hafskip hf., ákærði Ragnar á árinu 1981 og allir ákærðu á árunum 1983-1985, gerst sekir um ýmis brot, sem tilgreind eru nánar í 6 köflum ákærunnar. Er þar um að ræða brot á ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, lögum um hlutafélög nr. 32, 1978 og lögum um löggilta endurskoðendur nr. 67, 1976.

Ákæra þessi er gefin út af Hallvarði Einvarðssyni ríkissaksóknara. Af hálfu ákærðu er þess krafist að ákærunni verði vísað frá dómi vegna vanhæfis Hallvarðs til að fara með mál þetta sem ríkissaksóknari og eru tilgreindar eftirtaldar ástæður fyrir vanhæfi hans:

1. Ríkissaksóknari geti ekki fjallað um málið þar sem hann hafi stjórnað rannsókn þess í upphafi sem rannsóknarlögreglustjóri ríkisins og haft þau afskipti af því á rannsóknarstigi, að hann hljóti að teljast vanhæfur til að fjalla um það. Því til stuðnings er bent á afskipti hans í upphafi málsins, er hann stóð að fyrirmælum um handtöku ákærðu og kröfum um gæsluvarðhald þeirra, svo og á ýmis ummæli, sem eftir honum voru höfð í fjölmiðlum í upphafi rannsóknar um eðli málsins og umfang. Er í þessu sambandi af hálfu ákærðu vísað til ákvæða 22. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936 um meðferð einkamála í héraði.

2. Ákveðin tengsl séu milli Hallvarðs Einvarðssonar ríkissaksóknara og Alberts Guðmundssonar, fyrrverandi fjármálaráðherra, sem einnig gegndi um tíma formennsku bæði í stjórn Hafs skips hf. og bankaráði Útvegsbanka Íslands. Er hér einkum bent á lánaþyrirgreiðslu er Hallvarður hafi notið af hendi Alberts sem fjármálaráðherra úr Lífeyrisjóði starfsmanna ríkisins 1984 og 1985, sem hafi verið óvenjuleg og óeðlileg.

Af hálfu ákærðu er hér vísað til 22. gr. laganna um meðferð opinberra mála sbr. 7. tl. 36. gr. laganna um meðferð einkamála í héraði.

3. Bróðir Hallvarðs Einvarðssonar, Jóhann S. Einvarðsson, hafi setið í bankaráði Útvegsbanka Íslands frá 1. janúar 1985 eða hluta þess tímabils,

sem ákæran í málinu tekur til, en mál þetta tengist mjög Útvegsbankanum og hljóti bankaráðið mjög að eiga hér hagsmuna að gæta á ýmsa vegu. Er hér vísað til 22. gr. laganna um meðferð opinberra mála sbr. 3. og 7. tl. 36. gr. laganna um meðferð einkamála í héraði.

Sækjendur málsins hafa mótmælt rökstuðningi fyrir frávísunarkröfu verjenda og krefjast þess að henni verði hrundið.

Fyrir liggur í dómum Hæstaréttar frá 4. júní sl. í málum nr. 157 og 162/1987, að Hæstiréttur telur að dómsúrlausnar verði leitað um hugsanlegt vanhæfi ríkissaksóknara sbr. 22. gr. laga um meðferð opinberra mála. Verður hér á því byggt og tekin afstaða til frávísunarkröfunnar og þeirra málsástæðna, sem færðar eru fram henni til stuðnings í þeirri röð, sem þær eru settar fram hér að ofan.

1. Mál þetta kom til meðferðar rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 7. maí 1986, en með því fylgdi skýrsla borgar-fógetanna Markúsar Sigurbjörnssonar og Ragnars H. Hall til ríkissaksóknara, dagsett 6. s.m. um rannsókn skiptaréttar Reykjavíkur á gjaldþroti Hafskips hf. Í bréfi ríkissaksóknara er mælt fyrir um opinbera rannsókn og tilgreind rannsóknarefni.

Meðferð rannsóknarlögreglu ríkisins á málinu hófst 19. maí 1986, en að lokinni rannsókn var málið endursent ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 24. september 1986. Við meðferð málsins hjá RLR voru m.a. ákærðu í máli þessu úrskurðaðir í gæsluvarðhald og sátu ákærðu Björgólfur og Ragnar í gæsluvarðhaldi frá 21. maí til 18. júní 1986, ákærði Páll Bragi frá 21. maí til 7. júní og ákærði Helgi frá 21. maí til 9. júní 1986.

Rannsókn málsins hjá RLR var í upphafi undir stjórn Hallvarðs Einarvarðssonar, þá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, og undirritaði hann m.a. kröfur um gæsluvarðhald ákærðu. Hallvarður var hins vegar skipaður ríkissaksóknari frá 1. júlí 1986 að telja og sem slíkur gaf hann út ákærana í máli þessu sem fyrr segir.

Með hliðsjón af 1. tl. 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði og eins og háttað er skipan ákæru- og dómsvalds, svo og lögreglustjórn hér á landi, verður ekki talið, að embættisafskipti manns í starfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins af máli valdi vanhæfi hans til að fjalla um það mál síðar sem ríkissaksóknari og má segja, að um þetta liggi fyrir ótvíræð venja.

Ekkert hefur komið fram, sem bendir til annars en að afskipti Hallvarðs Einarvarðssonar af máli þessu, þá er hann gegndi störfum rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, hafi verið með þeim hætti, sem eðlileg gátu talist miðað við stöðu hans og starfsskyldur. Ummæli, sem eftir honum voru höfð í fjölmiðlum um gang rannsóknarinnar þykja ekki þess eðlis að þau breyti þessari niðurstöðu. Verður því ekki talið, að krafa um frávísun vegna

vanhæfis Hallvarðs Einvarðssonar að þessu leyti sé á rökum reist og ber því að hafna henni.

2. Af gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, sést að Hallvarður Einvarðsson fékk lán úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í desember 1984 og febrúar 1985, kr. 300.000,00 í hvort skipti. Ómótmælt er, að lán þessi komu til fyrir tilstuðlan eða milligöngu Alberts Guðmundssonar, þáverandi fjármálaráðherra, en upplýst hefur verið að fjármálaráðherrar hafi haft ákveðið svigrúm til að annast slíka fyrirgreiðslu og hafi hún tíðkast um langt árabíl í mismunandi miklum mæli.

Albert Guðmundsson var stjórnarformaður Hafskips hf. 1979 - 1983.

Svo sem fyrr segir áttu ofangreindar lántökur sér stað síðast á árinu 1984 og í byrjun árs 1985. Mál þetta kom hins vegar til opinberrar rannsóknar í maí 1986 svo sem áður er rakið.

Ekki verður á það fallist að lántökur þessar tengist máli þessu eða aðilum þess á þann veg að valdið geti vanhæfi Hallvarðs Einvarðssonar til að fjalla um það sem ríkissaksóknari. Frávísun málsins á þeim grundvelli kemur því ekki til álita.

3. Í I. kafla ákærunnar eru ákærðu, ýmist allir eða sumir þeirra, saksóttir fyrir að hafa staðið að gerð villandi og rangra gagna á árunum 1984 og 1985 varðandi rekstur og efnahag Hafskips hf., m.a. í því skyni að skapa félaginu áframhaldandi fyrirgreiðslu og lánstraust hjá Útvegsbanka Íslands. Er þetta atferli þeirra talið varða við 158. gr. almennra hegningarlaga, 86., 151. og 152. gr. laga um hlutafélög og 7. og 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur.

Þá eru ákærðu Björgólfur, Ragnar og Páll Bragi í II. kafla ákærunnar ákærðir fyrir fjársvik skv. 248. gr. almennra hegningarlaga, ýmist allir eða ákærðu Björgólfur og Ragnar tveir saman, með því að hafa staðið að því að afla Hafskip hf. fjármuna, m.a. aukinna lána eða ábyrgða hjá Útvegsbanka Íslands með því að vekja hjá bankastjórninni rangar eða villandi hugmyndir um raunverulegan efnahag félagsins og framtíðarhorfur. Hafi þeir með þessum hætti náð að auka skuldir félagsins við bankann um kr. 403.196.000,00 á tímabilinu 31. ágúst 1984 til 30. nóvember 1985.

Fyrir liggur, að Jóhann S. Einvarðsson, bróðir Hallvarðs Einvarðssonar ríkissaksóknara, tók sæti í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1. janúar 1985 og sat í því uns bankanum var með lögum breytt í hlutafélagsbanka á sl. vori, sbr. lög nr. 7, 1987.

Skv. 12. gr. laga nr. 12, 1961 um Útvegsbanka Íslands hafði bankaráð yfirumsjón með starfsemi bankans og ljóst er af ákvæðum sömu laga um starfsskyldur bankastjórnar og erindisbréfi bankastjóra, að eftirlitsskylda bankaráðsins með starfsemi bankans er rík.

Svo sem fyrr er rakið eru ákærðu í máli þessu saksóttir fyrir að hafa

misgert stórlega við Útvegsbanka Íslands með því að leggja fyrir hann röng eða villandi gögn og að hafa með sviksamlegum hætti náð að auka skuldir Hafskips hf. við bankann um samtals rúmlega 400 milljónir króna á árunum 1984 og 1985. Fer ekki hjá því, að mál þetta hlýtur að varða mjög bankaráð Útvegsbankans enda liggur fyrir að málefni Hafskips hf. voru oft til umræðu og umfjöllunar á fundum ráðsins á árinu 1985.

Með hliðsjón af ofanrituðu verður að líta svo á, að Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari sé þannig skyldur einum bankaráðsmanni Útvegsbankans, að skv. grundvallarreglum 3. og 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936 mætti hann eigi gegna dómarastörfum í máli þessu og því hafi ekki verið rétt skv. 22. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 að hann fjallaði um ofangreindar sakir. Enda þótt ákæran snúist og um önnur atriði, sem ekki tengjast hagsmunum Útvegsbanka Íslands, er eðlilegast að um þessi efni öll sé fjallað í einu máli og því þykir rétt að vísa ákærunni í heild sinni frá dóminum af þessum sökum.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða áfallinn kostnað af máli þessu, þar með talda þóknun til skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., Jóns Magnússonar hdl., Jónasar Aðalsteinssonar hrl. og Ólafs Gústafssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000,00 til hvers þeirra um sig.

D ó m s o r ð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá dómi.

Kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðra verjenda ákærðu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., Jóns Magnússonar hdl., Jónasar Aðalsteinssonar hrl. og Ólafs Gústafssonar hrl., kr. 20.000,00 til hvers þeirra.